

Fundargerð

6.fundur.

Miðvikudaginn 25. apríl 2007 kom hafnarnefnd Langanesbyggðar saman til fundar í fundastofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn kl. 12.00.

Mættir. Jónas Jóhannsson, formaður, Aðalbjörn Arnarsson, Indriði Þóroddsson, Steinn Karlsson og Björn Ingimarsson.

Dagskrá.

1. Mál. Staða framkvæmda.

Boranir við grjótnámu að hefjast og vinnsla útboðsgagna er í gangi vegna lengingu Norðurgarðs.

Óvíst hvenær Vökvaþjónustan klárar sín verk en lögð verður á það áhersla að verkinu verði lokið fyrir lok maí.

Rafverktaki mun væntanlega ljúka framkvæmdum í báðum höfnum á næstu þremur vikum.

2. Mál. Hafnarframkvæmdir 2007.

Sveitarstjóra falið að staðfesta við Siglingastofnun að Hafnarsjóðurinn muni standa við heimahluta framkvæmdakostnaðar. Fjármögnun verður að eigin fé af hluta og með langtímalántökum að hluta. Einnig samþykkt að senda erindi á Hafnarráð vegna endurbyggingar hafskipabryggju, þar sem grein verði gerð fyrir sjónarmiðum heimamanna. Óskað verði eftir fundi með Hafnarráði um málið.

3. Mál. Önnur mál.

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50.

Björn Ingimarsson, ritari.